

**Nd.**

**212. Breytingartillaga**

[86. mál]

við till. til þál. um rannsóknarnefnd vegna landhelgisgæslu.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa sjö manna nefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka framkvæmd landhelgisgæslu frá útfærslu 1. sept. 1972 og kanna, hvort ásakanir, sem fram hafa verið bornar um, að gæsla landhelginnar á Vestfjarða- og Austfjarðamiðum hafi ekki verið með eðlilegum hætti, hafi við rök að styðjast.

Nefndin skal hafa rétt til að krefjast skýrslna, munnlegra og bréflegra, bæði af embættismönnum og ráðherra dómsmála svo og starfsmönnum Landhelgisgæslunnar og öðrum einstaklingum.

Að loknum störfum skal nefndin gefa neðri deild skýrslu um niðurstöður sínar.